

Fundargerð Öryggisnefndar AKÍS

Fundur haldinn 20. janúar 2021 á Google Meet kl. 20.00

Mætt Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir, Aðalsteinn Símonarson og Elsa Kristín Sigurðardóttir
Ari Halldór Hjaltason og Erla Sigurðardóttir boðuðu forföll.

1. Sérhæfing nefndarmanna

Rætt að sniðugt væri að lista upp flokka innan öryggismála og nefndarmenn skrái sig síðan á flokka eftir þekkingu og áhuga.

EKS setur upp drög að lista og deilir með hópnum.

2. Sjúkraráðstefna FIA í desember

EKS og ES sátu ráðstefnuna sem var á netinu.

Mjög fjölbreyttir og áhugaverðir fyrirlestrar. Víðast eru keppnishaldarar mikið lengra komnir í öllum viðbrögðum heldur en við en margt hægt að nota við framtíðar uppbyggingu.

3. Merkingar öryggisbúnaðar

Ábendingar hafa borist um að öryggisbúnaður s.s. hjálmur og gallar séu merktir með t.d. auglýsingum. Ákveðið að kanna hvað reglur heimila í þessu sambandi, en séu ekki notaðar réttar aðferðir við merkingar getur það rýrt þá vernd sem búnaðurinn á að veita AS mun skoða.

4. Samskipti nefndarinnar og stjórnar AKÍS

- Ekki hefur enn verið mótuð sérstök stefna um hvaða erindi eiga heima sérstaklega hjá nefndinni, í hvaða tilfellum eigi að leita álits hennar o.þ.h. Mikilvægt er að tímanlega fyrir upphaf næsta keppnistímabils verði komnar skýrari línur varðandi þetta og er stjórn AKÍS hvött til að leggja línurnar sem fyrst.
- Stjórn AKÍS hefur ekki svarað erindi nefndarinnar frá 21. október 2020 varðandi vottun öryggisbúra og eftirlit með skemmdum öryggisbúnaði. Mikilvægt er að tímanlega fyrir upphaf næsta keppnistímabils verði komnar skýrari línur varðandi þetta og er stjórn AKÍS hvött til að leggja línurnar sem fyrst.

5. Námskeið öryggisfulltrúa og sniðmát öryggisáætlana

Nefndinni hefur af stjórn AKÍS verið falið að halda námskeið fyrir öryggisfulltrúa og útbúa sniðmát að öryggisáætlun fyrir keppnishaldara.

- Stuart Robinson, öryggisstjóri FIA, hefur vísað á gagnlegt efni til að styðjast við á námskeiðum en þó er ekki mikið til hjá FIA sem nýtist beint.
- Helstu niðurstöður fundar með aðilum 24. nóvember s.l. voru að mikilvægt væri að allir sem koma að stjórn keppnishalds, ekki síst öryggisfulltrúar, viti ábyrgð sína og skyldur.
- Mikilvægt er að fá aðila héraendis sem hafa þekkingu á öryggismálum til að taka þátt í gerð og framkvæmd námskeiða.

Ákveðið að EKS starti umræðu sem fyrst innan nefndarinnar til að setja niður þá málefnaflokkana sem taka á fyrir á námskeiðunum í vor.

Ekki fleira gert.

Fundi slitið kl. 20.50

Fundargerð ritaði Aðalseinn Símonarson